

Þingflokksfundur Pírata

Miðvikudaginn 19. september 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 3/149

Mætt

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Halldóra Mogensen (HM) Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Olga Margrét Cilia (OMC) Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (ÞSÆ)
Forföll	Helgi Hrafn Gunnarsson boðaði forföll Smári McCarthy boðaði forföll Björn Leví Gunnarsson erlendis vegna þingstarfa
Gestir	Jón Gunnar Borgþórsson Sara Elísa Oskarson Snæbjörn Brynjarsson

Fundargerð

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerð 2/149 samþykkt.

2. Bréf þingflokksformanns

Traustskýrslan er á morgun. Rætt að tíma verði skipt á milli stærð flokka. Rætt um framlagningu og númeraröðun þingmannamála.

ÞSÆ verður í New York mánudag og þriðjudag. Einnig fjarverandi 8. - 12. sept á Evrópuráðsþinginu.

3. Dagskrá þingsins

Farið yfir dagskrá þingsins næstu daga og þingvakt skipulögð.

4. Bréf úr nefndum

Þingmenn gerðu grein fyrir stöðu mála í fastanefndum.

5. Forgangsmál 149. þings

Umræða um val á næsta forgangsmáli.

6. Heimsókn Conchita Morales

Áætluð 26. október. Lagt til kl: 10:00. Samþykkt án athugasemda.

7. Breytingar á reglum um hagsmunaskráningu alþingismanna

Tillaga að bókun til samþykktar varðandi breytingu á hagsmunaskráningu þingmanna sem kynnt var á sumarfundi forsætisnefndar.

“Þingflokkur Pírata gerir athugasemd við hagsmunaskráningu alþingismanna og leggur til að forsætisnefnd skoða hana betur í ljósi niðurstöðu starfshóps forsætisráðherra um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnslu. Þingflokkur Pírata leggur til að Alþingi sýni gott fordæmi og innleiði að fullu í hagsmunaskráningu alþingismanna tillögur hóps ríkja gegn spillingu (GRECO).”

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Aðstoð vegna formennsku í PACE

ÞSÆ gerði grein fyrir því hvernig stöðu aðstoðarmanns vegna Evrópuráðsþingsins yrði háttað. Samþykkt að ráða í stöðuna með 4 atkvæðum, ÞSÆ sat hjá.

9. Endurskoðun reglna um meðferð EES-mála

Fundarlið frestað til næsta fundar.

10. Ferðir formanna stjórnámálaflokka erlendis

Frestað til næsta fundar.

11. Dagur jöfnuðar

ÞSÆ kynnti hugmyndina. Samþykkt að ÞSÆ sækir undirbúningsfund vegna þessa.

12. ÖBÍ-ráðstefna

26. september 13-16 um almannatryggingar.

13. Aðalfundur Pírata

Rætt um framsögu þingflokks á aðalfundi. JÞÓ og ÞSÆ með boltann.

14. Önnur mál

Embætti þingflokks og Pírata

Rætt um að halda fund með grasrót um valdasamþjöppun í tengslum við skipan embætta þingflokks.

Metoo fyrirspurn frá Kjarnanum

JÞÓ og ÞSÆ svara fyrirspurninni.